



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarfundum Ferðafélags Íslands
27. nóvember 2007

Virðulegu hátíðargestir

Þótt ættjarðarastin hafi um aldir verið samgróin sjálfstæðisvitund Íslendinga, landslagið ríkur þáttur í fornum sögum og lofsöngvar aflvaki í baráttunni fyrir fullum rétti, þá var landið enn í árdaga síðustu aldar að hluta huliðsheimur, óbyggðirnar framandi, höfðu jafnvel um aldir verið ógnvekjandi vígi þeirra sem útlægir voru úr samfélagi þjóðarinnar.

Álfar og tröll voru talin hæstráðandi á framandi slóðum sem fæstir landsmenn höfðu litið eigin augum. Ímyndunaraflið fékk þar að leika sér frjálst að náttúrunni.

Þá var það, um áratug eftir að þjóðin fékk fullveldið í eigin hendur, að hugsjónamenn töldu að við svo búið mætti ekki lengur una og gáfu út boðsbref um nýjan félagsskap. Markmiðið var að koma til móts við áhuga „manna um að ferðast hér um og kynnast óbyggðum landsins og öðrum lítt kunnnum landshlutum“ eins og sagði í ávarpi til almennings.

Aðalhvatamaðurinn var Sveinn Björnsson, síðar fyrsti forseti Íslands, og liðsinni veitti öflug forystusveit með Jón Þorláksson og Björn Ólafsson í fararbroddi.

Þótt fyrirmyndir væri norræn var hugsunin í anda kynslóðarinnar sem gerði kröfu um að Ísland risi undir nafni sem fullvalda ríki og hefði á að skipa sams konar samtökum, fyrirtækjum og stofnunum og stórþjóðirnar höfðu á sínum snærum.

Fyrstu samþykktir Ferðafélagsins báru með sér að stofnfélagarnir gerðu ráð fyrir að ná markmiðum félagsins með því að vekja áhuga á ferðalögum, einkum um sjaldfarna hluta landsins, og með því að gefa út ferðalýsingar, byggja sæluhús, ryðja fjallvegi og síðast en ekki síst að gera „eftir fongum ráðstafanir til að meðlimir þess geti ferðast ódýrt um landið“ svo að vitnað sé orðrétt í texta þeirra.

Þegar Ferðafélag Íslands var stofnað hafði þjóðin takmarkaðan aðgang að víðernum óbyggðanna. Landsmenn fyrri tíðar óttuðust hálendið og hættur þess; aðeins tveimur öldum fyrr þorðu menn ekki að klífa Heklu því hún var talin fordyri Vítis.

Með upplýsingastefnu og sjálfstæðisbaráttunni breyttust viðhorfin. Þjóðlegur áhugi á landkönnun og útivist ruddi sér til rúms, innblásinn af ferðagörpum á borð við Bjarna Pálsson, Eggert Ólafsson og Jónas Hallgrímsson. Kannski er ekki fjarri lagi að segja að slíkir frumkvöðlar hafi einsýnt sér að gefa þjóðinni landið allt, opna fegurð þess, tign öræfa og óbyggðanna.

Í kjölfarið komu svo hugsjónamenn úr röðum Ferðafélags Íslands og hófu að ryðja fjallvegi til að opna þjóðinni aðgang að fáförnum slóðum og nutu þess að forvígismenn vegagerðar voru í röðum félagsmanna.

Ferðafélag Íslands varð að fjöldasamtökum sem áttu sér djúpar rætur. Deildir voru stofnaðar víða um land undir þeim formerkjum að opna skyldi landið sem flestum, reisa sæluhús og ryðja vegi. Margir þjóðþekktir menn voru í fararbroddi og má auk þeirra sem áður er getið nefna Sigurð Þórarinsson jarðfræðing, Pálma Hannesson rektor og vegamálastjórana Geir G. Zöega og Sigurð Jóhannsson. Þúsundir landsmanna lögðu mikið af mörkum við smíðar, grjótburð, ritstörf, timburflutninga og önnur verk sem öll saman eru efniviður í veigamikla afrekaskrá.

Þó má ekki gleyma því að auk þessara garpa átti Ferðafélagið frá upphafi mikil ítök í ungu fólki sem oft átti drjúgan þátt í að halda uppi fjöri og skemmtun í ferðalögum félagsins. Því er við hæfi að á þessu afmælisári ætli Ferðafélagið nú að koma í vaxandi mæli til móts við ungu kynslóðina.

Þótt öll þessi verk á áttatíu ára ferli þessa merka félags séu ærin og þjóðin þakki þau og meti er þó útgáfa árbókanna líklegast merkasta framlag Ferðafélagsins til menningar Íslendinga, þekkingar, náttúrufræða og sögu. Árbækurnar áttatíu talsins eru einhver viðamesta lýsing Íslands sem til er á prenti, mikið stórverki sem er í senn til fræðslu og skemmtunar; ferðahandbók og fræðirit, fagur prentgripur og einkum á síðari árum prýdd fjölda merkra mynda. Þó ekki væri annað en árbækurnar yrði Ferðafélag Íslands ávallt talið til stórmerkari samtak í nútíma sögu Íslendinga og framlag þess til þjóðlífsins talið einstakt að vöxtum.

Ritstjórar árbókanna hafa jafna verið úr röðum hinna mestu lærdómsmanna og nefni ég hér á þessari hátíðarstundu aðeins fáeina frá fyrstu fimmtíu árum útgáfunnar: Guðmund G. Bárðarson og Helga

Hjörvar, Pálma Hannesson og Steindór Steindórsson, Bjarna Sæmundsson og Jón Eypórsson, Árna Óla og Steinþór Sigurðsson, Gunnar Gunnarsson og Þorleif Bjarnason, Guðmund Einarsson frá Miðdal og Harald Matthíasson, Hjört E. Þórarinsson og Sigurð Björnsson á Kvískerjum.

Við kyndli þeirra tók síðan öflug sveit sem áfram hefur skapað árbókinni veglegan sess. Enn eru þær að færa okkur nýjan fróðleik, nýja sýn, efnivið í alúð og virðingu kynslóðanna gagnvart náttúru Íslands.

Á þessum tímamótum færi ég Ferðafélaginu fyrir hönd allra Íslending einlægar þakkir og óska félaginu farsældar um ókomna tíð. Við þurfum nú, kannski enn frekar en áður, á að halda þeim hugsjónaeldi sem ávallt hefur verið leiðarljós Ferðafélags Íslands.